

Fundur 14.4.2025 Li Chen, Kínverskur maður.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Hef ég talað til ykkar áður, og vona ég að þjóð mín muni magna ykkur hér í kvöld, fjölmenn þjóð mín sem komin er víða.

Vona ég að forfeður mínir og Guðir megi magna ykkur og styrkja og höfum við eins og aðrir stundum villst af vegi farsældarinnar og orðið gróðafíkninni að bráð eða öðrum löstum mannfélagsins, en er það langt síðan það gerðist síðast.

Var mér ágengt í því, á sínum tíma að koma með spádóm þann sem rættist fyrir ykkar jörð, og er það tengt því að vissum við gjörla af leynifundum þeim sem forríkir menn á ykkar jörð höfðu haldið í aðdraganda þess sem gerðist og varð að Coviðinu, eins og það er kallað á ykkar máli.

Og vissum við gjörla um áætlanir þeirra til að fækka mannfólki og minnka frjósemi og draga úr viðnámsþrótti ríkasta hluta jarðarinnar, sem býr á vesturlöndum, og vissum við þó ekki nákæmlega hvenær það myndi gerast, en höfðum fengið aðvaranir um að það væru um það bil að breyta á, sem vissulega gerðist.

Ætla ég hér í kvöld að tala um fjármálin, og hef ég fyrir því góðar heimildir að ýmislegt sé í bígerð á ykkar jörð sem vert er að veita athygli og hafa áhyggjur af, og höfðum við fengið þrjár gamlar spár sem myndu rætast á stuttum tíma og hafa tvær þeirra ræst vissulega.

Var okkur sagt að fyrst kæmi drepsoft og síðan kæmi styrjaldarógn meiri en áður hafði þekkt um langt skeið í Evrópu, og að síðan myndi koma fjármála kreppa sem myndi setja úr skorðum áætlarnir og frampróun jarðarinnar um nokkurt skeið, og yrði að gæta að því að auður safnaðist ekki á færri hendur, heldur yrði réttlátari dreifing og grasrótar starf í þá átt að brjóta upp lyfja fyrirtækin og koma á markað þeim raunverulegu lyfjum sem fundist hafa gegn alvarlegum og banvænum sjúkdómum, hjartasjúkdómum og krabbameinum og sykursýki og fjölmörgu öðru, sem lyfja fyrirtækin sitja á, en vilja ekki markaðssetja.

Og koma á meira jafnrétti meðal þegnanna, og blæs ekki nógu byrlega í þeim efnum og hætt er við því að kreppa sú sem spáð var fyrir um, geti skolið á, og er þá hætt við því að örvænting grípi um sig og fjársterkir aðilar hafi tök á því að stýra atburðar rásinni þannig að ótti og vanþekking muni ráða en ekki almanni heill.

En margt í þessu er óljóst enn þá og átökin á milli landanna og ríkisstjórnanna eru þess eðlis að erfitt er að sjá fyrir um atburði í smá atriðum.

En viljum við hvetja ykkur Íslendingar til að verða sjálfbærir meira en áður og treysta ekki um of á aðfengin gæði, það er eina lausnin til að minnka áhættuna á þessum ólgu tímum og forðast alla þá neikvæðu atburði sem við sjáum fyrir að geti orðið.

Nafn mitt er Li Chen.

*Sæll.*

Já komið þið sæl.

*Já vertu velkominn.*

Já, takk fyrir, já var hér nokkuð góð orkan að fá þetta í gegn og finn ég það að þjóð mín er orðin öflug á ykkar jörð og hjálpar hún mér að koma þessu erindi fram.

Og hef ég ágæt áhrif á mínum framlífs hnetti og hef ég þó varast að taka við þeim embættum sem of miklu valdi og auðsöfnun fylgja, og hef ég fylgt kenningum Confúsíusar og Lao Tse, og eru það enn eldri Guðir sem ég gjarnan vildi vildi fræða ykkur um, sem við áttum í árdaga, sem við höfum tekið átrúnað á að nýju.

Já verð ég nú brátt að kveðja, en þakka ég fyrir gott hljóð, og hef ég komið erindi mínu að mestu fram, veit ég að margir vildu fjalla um þetta meira og vonandi verður það síðar.

Finn ég það að erindi mitt eflir mátt lífstefnu aflanna á ykkar jörð og vitneskju um þetta og vona ég að okkur og öðrum takist að afstýra þessu að mestu.

Verið þið nú sæl og þakka ykkur fyrir.

*Vertu sæll.*